

Kirkjuþing 2022-2023

1. mál. - Þskj. 1.

Skýrsla biskups Íslands
(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023)

Flutt af Agnesi M. Sigurðardóttur
Frms. Agnes M. Sigurðardóttir

I. Inngangur.

Við upphaf ársins urðu breytingar á starfi biskupsstofu þegar biskupsstofa fór að starfa sem tvær stofur, biskupsstofa og rekstrarstofa, undir formerkinu Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar. Starfsár biskupsstofu hefur einkennst af þessum breytingum á miðlægri þjónustu þjóðkirkjunnar. Segja má að allir starfsmenn biskupsstofu hafi mætt verkefninu með opnum huga og vilja til að láta nýtt skipulag virka sem best og að samvinna milli þessara tveggja stofa sé sem mest og góður vinnuandi biskupsstofu verði áfram vinnuandi nýrrar Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar. Starfsfólk biskupsstofu hefur leitt hugmyndavinnu um framtíðarhúsnæði þjónustumiðstöðvarinnar á árinu. Það hefur verið skýr afstaða biskups Íslands að ekki verði flutt í annað tímabundið húsnæði, heldur fundið framtíðarhúsnæði fyrir þjónustumiðstöðina í samræmi við þarfir starfseminnar og væntingar fólksins sem myndar þjóðkirkjuna. Það húsnæði sem helst var skoðað mætir báðum þessum kröfum að mati biskups Íslands.

Miklar breytingar hafa gengið yfir hjá Þjóðkirkjunni á undanförunum árum. Nýr viðaukasamningur um kirkjujarðasamkomulag, fjárhagslegur aðskilnaður ríkis og kirkju, sjálfstæði þjóðkirkjunnar um innri mál, ný áðurnefnd Þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar og svo mætti áfram telja. Breytingarnar fela í sér margar áskoranir sem biskupsembættið mætir daglega í störfum sínum.

II. Biskup Íslands

Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, hefur starfað sem biskup frá árinu 2012, hún er skipuð af forseta Íslands.

Um starfsemi biskups er fjallað í 10. gr. laga um Þjóðkirkjuna nr. 77/2021. Þar kemur fram að biskup Íslands fer með yfirstjórn þjóðkirkjunnar eftir því sem kirkjuþing mælir nánar

fyrir um. Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og þjónustu.

Biskup Íslands hefur verið forseti Hins íslenska Biblíufélags frá stofnun þess 10. júlí árið 1815. Mikil starfsemi hefur verið í félaginu undanfarin misseri. Biblíuapp fyrir börn hefur litið dagsins ljós, undirbúningur að prentun Biblíunnar stendur yfir, kvöldlestrar hafa verið settir inn á heimasíðuna biblian.is og lestur rita Nýja testamentisins og nokkurra rita Gamla testamentisins eru aðgengilegir á heimasíðunni, storytel og fleiri síðum. Þá er vikið af störfum biskups í starfsreglum kirkjuþings.

III. Biskupsstofa.

Starfsemi biskupsstofu.

Biskupsstofa er starfrækt af biskupi Íslands í því skyni að rækja þjónustuskyldur biskups-embættisins og tilsjónarhlutverk. Hlutverk biskupsstofu í því sambandi er umfram allt að hvetja og styðja söfnuði, presta og aðrar stofnanir kirkjunnar í að sækja fram í starfi og þjónustu. Biskupsstofa sinnir m.a. í því skyni fræðslumálum, málefnum er varða kærleiksþjónustu, guðfræði og þjóðmálum, kirkjutónlist og helgihaldi, upplýsingamálum og samkirkjutengslum. Biskupsstofa annast fyrirvar vegna Þjóðkirkjunnar og sameiginlegra mála hennar, samskipti og samstarf við hinar ýmsu stofnanir svo og erlend samskipti. Undir biskupsstofu heyra einnig upplýsingatæknimál Þjóðkirkjunnar sem og skjalamál.

Biskupsstofa fer með mannauðsmál Þjóðkirkjunnar, sinnir margvíslegri stjórnsýslu og veitir sóknum og stofnunum kirkjunnar ýmsa þjónustu.

Starfsfólk biskupsstofu.

Eftirtaldir aðilar starfa á biskupsstofu:

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, agnes@kirkjan.is

Pétur G. Markan, biskupsritari og samskiptastjóri, petur@kirkjan.is Biskupsritari er persónulegur aðstoðarmaður biskups Íslands, trúnaðarmaður, ráðgjafi og talsmaður.

Ragnildur Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri biskupsstofu, ragnilduras@kirkjan.is Ragnildur hefur yfirumsjón með þeim verkefnum sem tilheyra biskupsstofu og fer með mannauðsmál Þjóðkirkjunnar.

Guðrún Finnbjarnardóttir, gudrun@kirkjan.is Guðrún er verkefnastjóri á biskupsstofu og sinnir ýmsum verkefnum sem heyra undir biskup og aðra stjórnendur biskupsstofu,

svo sem við undirbúning prestastefnu, leikmannastefnu, kirkjuþing, kirkjuþing unga fólksins o.fl. Hún heldur utan um nefndir kirkjunnar, er starfsmaður kirkjuþings, skrifar setningar- og erindisbréf bréf fyrir presta og sér alfarið um útgáfu *Árbókar kirkjunnar*.

Margrét Hannesdóttir, margret@kirkjan.is Margrét sér um verkefnastjórnun útreikninga, samningagerð og utanumhald vegna starfskostnaðar presta og tölfræði Þjóðkirkjunnar. Hún starfar þvert á sviðin með öllum deildum varðandi úrvinnslu, framsetningu og aðgengi að tölfræðigögnum og veitir tölulegar upplýsingar bæði innan og utan stofnunarinnar. Í því samhengi sér hún t.d. um starfsskýrslur presta og veitir upplýsingar og aðstoð og sér um úrvinnslu, greiningu og framsetningu gagna. Margrét hefur á árinu sinnt verkefnastjórnun við öflun jafnlaunavottunar.

Gyða Marín Bjarnadóttir, gyda@kirkjan.is Gyða er fulltrúi á mannauðssviði og sér um gerð ráðningarsamninga og upplýsingagjöf til starfsmanna Þjóðkirkjunnar er varðar kaup og kjör ásamt öðrum verkefnum sem snúa að starfsfólki. Gyða er í fæðingarorlofi til apríl 2023.

Jóna Finnsdóttir, jona@kirkjan.is Jóna starfar bæði á biskupsstofu og rekstrarstofu. Jóna er launafulltrúi og verkefnastjóri jöfnunarsjóðs og sinnir um leið ýmsu verkefnum á mannauðssviði, s.s. stefnumótunarvinnu og áætlanagerð.

Brynja Briem, brynja@kirkjan.is lögfræðingur sinnir bæði biskupsstofu og rekstrarstofu. Verkefnin sem hún sinnir fyrir biskupsstofu eru margvísleg en þó fyrst og fremst á skrifstofu- og mannauðssviði.

Sigrún Harpa Guðnadóttir, sigrun@kirkjan.is Sigrún er móttökuritari, hún tekur á mótí ársreikningum sókna og kirkjugarða, sér um bókun fargjalda og gistingu ef við á og annast innkaup á rekstrarvöru.

Solveig Lára Guðmundsdóttir, solveig.lara.gudmundsdottir@kirkjan.is Solveig starfar á samskiptasviði, hún vinnur að efnisöflun og framsetningu efnis á vef kirkjunnar, kirkjan.is.

Arnaldur Máni Finnsson, arnaldur.mani.finnsson@kirkjan.is Arnaldur starfar á samskiptasviði, hann er umsjónarmaður kirkjuvarpsins.

Elín Elísabet Jóhannsdóttir, elin.johannsdottir@kirkjan.is Elín Elísabet ber ábyrgð á fræðslusviði, en hlutverk þess er að móta stefnu í fræðslumálum Þjóðkirkjunnar til þess að vernda og viðhalda almennri þekkingu á kristinni trú og auka tengsl allra þjóðfélags- og aldurhópa við kirkjuna. Unnið er samkvæmt fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar. Elín hefur

umsjón með fræðslu í öllum aldurshópum, efnisgerð og efnisveitu. Hún heldur kynningar- og fræðslufundi með starfsfólki Þjóðkirkjunnar um allt land.

Axel Árnason Njarðvík, axel.arnason@kirkjan.is Axel er verkefnisstjóri umhverfismála.

Magnea Sverrisdóttir, magnea@kirkjan.is Magnea ber ábyrgð á kærleikspjónustusviði, en eitt meginhlutverk Þjóðkirkjunnar er að stuðla að og taka þátt í samfélagslegum verkefnum á ýmsum sviðum og veita þeim sem minna mega sín þjónustu og skjól við hæfi. Kærleikspjónustan er í formlegu sambandi við erlend kærleikspjónustusamtök víða um heim og er Magnea ásamt öðrum starfsmönnum Þjóðkirkjunnar virkur þáttakandi í þeim verkefnum sem þau standa fyrir. Magnea heldur utan um skýrslur frá fulltrúum í erlendu samstarfi og heldur utan um öll formleg samskipti við þau samtök sem kirkjan á aðild að. Á innlendum vettvangi sér Magnea um samstarf bæði við félagasamtök og opinbera aðila varðandi ýmis samfélagsleg verkefni.

Gígja Árnadóttir, gigja@kirkjan.is starfar sem skjalastjóri.

Hermann Erlingsson, hermann@kirkjan.is Hermann er verkefnastjóri upplýsingatækni- sviðs og tengiliður biskupsstofu við sóknir landsins.

Margrét Bóasdóttir, margret.boasdottir@kirkjan.is er söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar.

Vigfús Bjarni Albertsson, vigfusba@kirkjan.is forstöðumaður Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar.

Andrea Baldursdóttir, andrea@kirkjan.is félagsráðgjafi hjá Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar.

Guðrún Otterstedt, guद्रuno@kirkjan.is félagsráðgjafi hjá Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar.

Verkefni biskups

- *Sameiningar prestakalla*

Ein sameining var á árinu en þann 1. maí 2022 sameinuðust Breiðabólstaðarprestakall, Melstaðarprestakall, Skagastrandarprestakall og Þingeyraklaustursprestakall í eitt prestakall. Heiti hins nýja prestakalls er Húnavatnsprestakall.

- *Norræna biskupamótið*

Norræna biskupamótið er haldið á þriggja ára fresti á Norðurlöndunum. Í ár var það haldið hér á landi, en mótið var haldið á Akureyri og í nágrenni þess.

- **Móttökur í biskupsgarði**

Á árinu voru óvenju fáar móttökur í biskupsgarði vegna samkomutakmarkana eða um sjö talsins. Biskupsgarð heimsóttu 126 gestir.

- **Verkefnið Ein saga – Eitt skref**

Verkefnið Ein saga – Eitt skref hófst í lok sumars 2020. Tilgangur verkefnisins er að gera upp og læra af sögu misréttis gagnvart hinsegin fólki innan kirkjunnar. Um er að ræða samstarfsverkefni við Samtökin 78.

Safnað var persónulegum reynslusögum af fordómum og andstöðu Þjóðkirkjunnar við réttindi hinsegin fólks í gegnum árin. Í sumar var kynning á afrakstri verkefnisins en kynningin fór fram í Skálholti og hlaut góðar undirtektir en sögurnar hafa einnig verið gerðar opinberar. Hægt er að hlusta á sögurnar á slóðinni einsagaeittskref.is.

- **Visitasiúr**

Biskup Íslands hefur vísiterað söfnuði í Suðurprófastsdæmi undanfarið í föruneyti sr. Halldóru Þorvarðardóttur prófests. Í samantekt eru þetta tíu prestaköll og þrjátíu og níu sóknir.

Kirkjubæjarklaustursprestakall	Þykkvabæjarklausturssókn Grafarsókn Prestbakkasókn Langholtssókn
Bjarnesprestakall	Hafnarsókn Bjarnanessókn Brunnhólssókn Kálfafellsstaðarsókn Hofssókn.
Oddaprestakall	Oddakirkja Þykkvabæjarkirkja Keldnasókn
Fellsmúlaprestakall	Ábæjarsókn Hagasókn Kálfholtssókn Marteinstungusókn Skarðssókn
Hveragerðisprestakall	Hveragerðissókn Kotstrandasókn
Breiðabólstaðarprestakall	Hlíðarendasókn Breiðabólstaðarsókn Akureyjarsókn Krosssókn Stórolfshvolssókn
Vestmannaeyjaprestakall	Ofanleitissókn
Þorlákshafnarprestakall	Þorláks og Hjallasókn Strandakirkja
Árborgarprestakall	Stokkseyrarsókn Eyrarbyggisókn Laugardælasókn Gaulverjabæjarsókn Villingaholtssókn Hraungerðissókn
Víkurprestakall	Víkursókn Stóra-Dalssókn Skeiðflatarsókn Reynissókn Eyvindarhólasókn Ásólfsskálásókn

Tíu prestaköll og þrjátíu og níu sóknir

- **Prófastafundir**

Að jafnaði er einn fastur fundur með próföstum á ári hverju, hann fer fram í janúar. Prófastur Vesturlandsprófastsdæmis lét af embætti og er honum þakkað sín góðu störf. Nýr prófastur var útnefndur í hans stað.

- **Teymi Þjóðkirkjunnar**

Teymi Þjóðkirkjunnar var stofnað með starfsreglum um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni, ofbeldi og um meðferð kynferðisbrota innan þjóðkirkjunnar, nr. 330/2020. Um er að ræða aðgerðarteymi, skipað óháðum einstaklingum, en það eru fagaðilar; geðlæknir, lögfræðingur og verkefnastjóri Bjarkarhlíðar. Teymið á að taka á öllum ofbeldismálum sem koma upp í kirkjunni, stuðla að aðgerðum gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundnu áreitni og ofbeldi og veita stuðning og ráðgjöf við meðferð kynferðisbrota er kunna að koma upp innan þjóðkirkjunnar.

Á árinu 2022 komu fjögur mál fyrir teymið sem er talsverð fækkun frá því í fyrra þar sem þrettán mál komu fyrir teymið. Af málum fyrra árs hefur teymið lokið ellefu þeirra á tímabilinu 1. janúar 2022 til 30 september 2022.¹

- **Leikmannastefnan**

Leikmannastefna fjallar um málefni leikmanna, hlutverk og störf sókna og sóknarnefnda, svo og um starf kristilegra félagasamtaka og aðra þjónustu kirkjunnar við söfnuði landsins. Stefnan kemur sameiginlega fram fyrir hönd leikmanna, sókna og sóknarnefnda gagnvart stjórnvöldum, stofnunum kirkjunnar, starfsmönnum hennar og samtökum þeirra svo og öðrum aðilum eftir því sem við á. Einnig eflir stefnan þátttöku leikmanna í starfi kirkjunnar og kynni þeirra sín á milli.

Á leikmannastefnu eiga sæti með málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt fulltrúar leikmanna fyrir hvert prófastsdæmi, sem kjörnir eru á héraðsfundum til fjögurra ára í senn alls 36 fulltrúar.

Leikmannaráð hefur tekið ákvörðun um að efna til leikmannastefnu á vormánuðum.

- **Presta- og djáknastefna**

Presta- og djáknastefna 2022 var haldin á Laugarbakka í Miðfirði 26.-28. apríl sl. Efni stefnunnar var Handbókin og sjálfsmynd hins vígða þjóns. Mæting var afar góð og greinilegt að uppsöfnuð þörf var meðal presta og djákna til að eiga samfélag hvert við annað eftir krefjandi covid tíma.

¹ Þar af voru sex mál sameinuð í eitt álit svo einnig væri hægt að tala um að átta málum hefði verið lokið.

- *Morgunbæn og orð dagsins á Rás 1*

Einn af hornsteinum morgunútvarps landsmanna er morgunbæn og orð dagsins í umsjá presta. Biskupsstofa skipuleggur upptökur ásamt starfsfólki RÚV og raðar niður prestum á upptökutíma sem taka upp í hvert sinn efni fyrir fjórtán daga í senn.

- *Himneskir dagar í Danmörku*

Biskup Íslands sótti Himneska daga í Hróaskeldu í maí þar sem hún hélt erindi um stöðu og framtíðarsýn íslensku þjóðkirkjunnar í samhengi við stöðu og þróun norrænu kirknanna.

- *Hátíðir kirkjunnar*

- Aðventa og jól

Biskup prédikar fyrsta sunnudag í aðventu í Hallgrímskirkju, messa sem er tileinkuð Hjálparstarfi kirkjunnar. Messunni er útvarpað.

Biskup er með helgistund á aðfangadagskvöld í Ríkissjónvarpinu. Þá hefur verið sú nýlunda undanfarin tvö ár að hátíðarmessu á jóladag er sjónvarpað. Þar prédikar biskup Íslands.

- Páskar

Biskup Íslands er með helgistund á föstudaginn langa í Ríkissjónvarpinu. Þá er biskup Íslands með guðþjónustu á páskadag í Dómkirkjunni.

Önnur verkefni biskups

- *Prédikanir og helgistundir*

Biskup prédikaði 27 sinnum í messum á árinu og annaðist að auki fjölmargar helgistundir á visitasíum sínum um landið.

- *Vígslur*

Alls fóru fimm vígslur fram á árinu fyrir presta og djákna. Sjö prestar voru vígðir og einn djákni. Af hinum vígðu voru einn karl og sjö konur.

- *Annað*

Biskup hefur ljáð ýmsum málaflokkum rödd sína, s.s. málefni hælisleitenda og flóttamanna. Hann tekur þátt í tónlistardegi þjóðkirkjunnar og styður við tónlistarstarf kirkjunnar sem og útgáfu nýrrar sálmabókar. Biskup hittir Metrópólitan grísku rétttrúnaðarkirkjunnar þegar hann kemur til landsins tvisvar á ári og tekur þátt í guðsþjónustu með honum.

Jafnframt tekur biskup Íslands að jafnaði viðtöl við þá sem þess óska allt árið um kring. Mánaðarlega hafa verið haldnir samráðsfundir við Prestafélag Íslands.

Mannauðssvið

- *Nýjar starfsreglur um ráðningar, reglur og viðmið sem biskup hefur samið*

Nýjar starfsreglur um ráðningu í preststörf nr. 17/2021, tóku gildi 1. janúar 2022. Góð reynsla er komin á hinar nýju reglur þar sem ráðningarferli presta hefur farið fram ellefu sinnum á árinu. Samvinna með valnefndum og próföstum hefur verið mjög ánægjuleg og gaman að sjá metnaðinn sem lagður er í að halda ráðningarferlinu faglegu.

Á grundvelli hinna nýju starfsreglna setti biskup leiðbeinandi reglur fyrir valnefndir og umsækjendur, leiðbeinandi reglur fyrir gerð þarfagreininga vegna ráðninga í prestsstörf, leiðbeinandi reglur fyrir valnefndir og umsækjendur vegna ráðninga í prests- og sóknarprestsstörf og viðmið biskups Íslands á samsetningu valnefndar.

Matsblöð yfir helstu þjónustuþætti kirkjunnar vegna starfs prests eða sóknarprests annars vegar og vegna starfs héraðs- og sérþjónustuprests hins vegar, voru einnig endurskoðuð. Skjöl þessi má finna á vef kirkjunnar undir flípanum „Ráðning í preststörf og starfslok“.

Í einu tilviki var djákni ráðinn til safnaðar og voru af því tilefni unnar leiðbeinandi reglur biskups Íslands við ráðningu djákna.

- *Starfsmannavelta*

Tíu prestar munu láta af störfum vegna aldurs á árinu 2022, í þremur tilfellum verður ekki endurráðið í stöðurnar og í tveimur tilfellum er um tímabundnar afleysingar að ræða. Tveir prestar sögðu upp störfum og réðu sig til prestsstarfa erlendis. Fjórir prestar létu af störfum sínum, en voru ráðnir til annarra verkefna hjá Þjóðkirkjunni.

Níu prestar voru vígðir til prestsþjónustu á árinu og ráðnir til starfa víða um land. Fjórir þeirra þjóna á höfuðborgarsvæðinu og fimm á landsbyggðinni. Að auki var einn djákni ráðinn til starfa í Reykjavík. Samkvæmt ákvörðun Kirkjuþings 2018-2022 verður auglýst eftir æskulýðsfulltrúa í heilt stöðugildi, til starfa hjá Kjalarnesprófastsdæmi og Reykjavíkurprófastsdæmunum tveimur frá 1. janúar 2023.

- *Tölulegar upplýsingar*

Í ársbyrjun 2020 voru stöðugildi presta og biskupa alls 146,5. Í janúar 2022 voru stöðugildin 139,5, þ.e. **stöðugildum fækkaði um 5,5** á tveimur árum. Auk þess er eitt stöðugildi æskulýðsfulltrúa og 0,2 stöðugildi ritara sem sinnir barnastarfi.

Í fjárhagsáætlun fyrir **árið 2023 er gert ráð fyrir 138,1** stöðugildi presta og biskupa, einu stöðugildi djákna, tveimur stöðugildum æskulýðsfulltrúa og 0,2 stöðugildi ritara. Í heildina hefur þannig **stöðugildum presta fækkað um 8,4** á árunum 2020-2023, en fjölgað um einn djákna á árinu 2022 og einn æskulýðsfulltrúa á árinu 2023.

Í ársbyrjun 2020 voru stöðugildi á biskupsstofu (eftir samruna Kirkjumálasjóðs og biskupsstofu), alls 26,2. Í janúar 2022 voru stöðugildin 17,8, þ.e. þeim **fækkaði um 8,4** á tveimur árum. Í fjárhagsáætlun fyrir **árið 2023 er gert ráð fyrir 20,3 stöðugildum** á Þjónustumiðstöð kirkjunnar. Alls tilheyra 11,8 stöðugildi biskupsstofu; (6,3 á skrifstofu- og mannauðssviði, 1 á samskiptasviði, 1,5 á fræðslusviði, 1 á kærleikssviði, 1 á skjalasviði og 1 söngmálastjóri) og 8,5 stöðugildi á rekstrarstofu; (4 á fasteignasviði, 3,5 á fjármála-sviði og 1 á upplýsingasviði²). Margir starfsmenn sinna verkefnum á fleiri en einu sviði og sumir sinna bæði verkefnum á biskupsstofu og rekstrarstofu.

Aðrir á launaskrá Þjóðkirkjunnar eru þrír starfsmenn hjá Sálgæslu- og fjölskylduþjónustu í þremur stöðugildum og tveir starfsmenn kirkjuþings í 1,5 stöðugildum. Auk þess er framkvæmdanefnd kirkjuþings með fasta mánaðarlega þóknun og skrifstofustjóri þingsins með laun skv. tímaskráningu.

- **Starfskostnaður**

Á árunum 2019-2020 var starfskostnaður presta sérstaklega til skoðunar með hliðsjón af því hvað væri hugsanlega hægt að gera til að ná fram meira jafnræði í þeim efnunum. Í kjölfarið var ákveðið að fella niður fastar mánaðarlegar greiðslur vegna símakostnaðar presta og í staðinn var samið við Vodafone um símaáskrift, internet og símtæki fyrir prestana. Einnig voru fastar greiðslur vegna aksturs lagðar niður og í staðinn tekin upp rafræn akstursdagbók þar sem prestar skrá allan akstur vegna vinnu sinnar og fá greitt mánaðarlega fyrir með launum. Þessum breytingum var komið á þann 1. júlí 2021.

Hér að neðan má sjá mismun á heildaraksturskostnaði vegna aksturs presta á tólf mánaða tímabili; fyrir breytingar og eftir að þær tóku gildi.

1. júlí 2020 - 30. júní 2021	1. júlí 2021 - 30. júní 2022
71.641.353	41.710.566
Mismunur	-29.930.787

² Starfsmaður á upplýsingatækisviði er í bókhaldi skráður undir rekstrarstofu en við útfærslu skipulagsbreytinga í byrjun ársins 2022 var þó ákveðið í samráði við Framkvæmdanefnd að viðkomandi svið heyrir undir biskupsstofu fremur en rekstrarstofu enda mikilli þjónustu sinnt af sviðinu.

- *Tölfræði, gagnavinnsla og úrbótavinna*

Ljóst hefur verið að aðgengi að tölulegum upplýsingum hjá Þjóðkirkjunni hefur verið mjög ábótavant. Eftir nokkurra ára hlé var því byrjað að safna tölum markvisst árið 2020 um starfsemi þjóðkirkjunnar og unnið úr eldri gögnum. Fyrri skýrslur (messgjörðarskýrslur og starfsskýrslur) voru endurskoðaðar, einfaldaðar og að lokum kynntar fyrir öllum prestum landsins. Unnið var að betrubótum með samtölum við fjölda presta auk kynninga svo og umræðu við prófesta.

Í byrjun ársins 2022 voru myndrænar skýrslur birtar á vef kirkjunnar. Skýrslurnar eru unnar úr kerfinu Power BI en þaðan eru einnig unnar aðrar skýrslur s.s. fyrir yfirstjórn kirkjunnar, nefndir, fjölmiðla og aðra. Úr skýrslunum (messugjörðarskýrslum og safnaðarstarfsskýrslum) má meðal annars fá tölur um fjölda messa, prestverka og sál-gæsluviðtala. Þá er þar einnig að finna tölulegar upplýsingar um barna-, fullorðins- og eldri borgarastarf, námskeið á vegum kirkjunnar auk annarra upplýsinga.

Á árinu var gott samstarf við starfskostnaðarnefnd og nefnd um vígða þjónustu og gerð skýrslu út frá könnun nefndar um vígða þjónustu sem send var út í apríl til sóknarnefnda-fólks og starfsfólks kirkna.

- *Jafnlaunavottun*

Þann 23. nóvember 2021 samþykkti kirkjuþing jafnlaunastefnu, jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun Þjóðkirkjunnar. Jafnréttisstofa samþykkti jafnréttisáætlun Þjóðkirkjunnar 9. desember 2021.

Byrjað var á jafnlaunavottuninni árið 2020 en beðið var um frest til að ljúka henni til árs-loka 2021. Þann 1. apríl 2022 var farið af stað á ný við að vinna að jafnlaunavottun. Út-tektaraðili er BSI á Íslandi og fór forúttekt fram þann 12. september 2022. Ytri úttekt mun verða gerð 24. október 2022 og er stefnt að því að Þjóðkirkjan verði komin með jafnlauna-vottun fyrir áramótin 2022.

Fræðsluvið og Skálholtsútgáfan

Frá síðasta kirkjuþingi og fram til 1. mars 2022 var enginn starfsmaður á fræðsluviði að undanskildum framkvæmdastjóra biskupsstofu sem tók að sér um tíma að sinna líka hlutverki sviðsstjóra fræðsluviðs. Þá var samið við Skálholtsútgáfuna um að hún sinnti brýnustu þáttum fræðslumála. Gerður var þjónustusamningur til tveggja ára við út-gáfuna sem lýkur 31. desember 2023. Þann 1. mars síðastliðinn kom starfskraftur á sviðið í hálfstarf en frá 1. ágúst sl. hefur viðkomandi sinnt fullu starfi.

Fræðslusvið vinnur í nánú samstarfi við Skálholtsútgáfuna að öllum verkefnum sviðsins. Helstu verkefni ársins hafa verið eftirfarandi:

- **Efnisveitan** Unnið verður áfram að því að endurheimta efni af gömlu efnisveitunni og setja inn á hina nýju sem tók við fyrir þremur árum. Unnið er að leiðbeiningum um notkun efnisveitunnar.
- **Sunnudagaskólinn** Unnið er að undirbúningi á 128 samverum fyrir sunnudagaskóla (fjögurra ára efni), áætlað er að þeirri vinnu ljúki í september 2023. Í vinnslu er jóladagatal sem mun birtast á samfélagsvefnum, dagatalið fer í sýningu 11. desember nk. og lýkur þann 24. desember. Haldin voru barnastarfsnámskeið í ágúst og september þar sem farið var yfir nýjungar í sunnudagaskólalastarfinu. Jafnframt er unnið að stuttmyndum með leiðbeiningum. Í samstarfi við samskiptasvið voru gerðar nokkrar hreyfimyndauglýsingar fyrir samfélagsmiðla og borðar, sem notaðir voru til þess að auglýsa starfið. Auglýsingarnar geta kirkjur notað til að auglýsa sitt starf.
- **Kynningarefni** Unnið er að kynningarefni um krílasálma auk þess sem unnið er að stuttmyndaefni og samverum fyrir fermingarstarf um ýmis efni sem tengja saman kirkju og veruleika fermingarungmenna.
- **Fræðslustefna** Unnin hefur verið ný fræðslustefna og aðgerðaráætlun sem tengist henni og verður hún lögð yfir 64. þing. Unnið er með hugtökin tengsl, vöxtur og framlag og eru markmið og matsaðferð unnin út frá þeim. Þessi markmið munu slá tóninn í öllu fræðsluefni og námskeiðahaldi. Í tengslum við endurskoðaða stefnu var boðað til rafræns fræðsluþings í maímánuði og í kjölfar fundarins voru stefnudrögin endurskoðuð og löguð að athugasemdum fundarfólks.
- **Námskeiðahald** Haldin hafa verið námskeið fyrir presta og djákna í flestum prófastsdæmum í haust og er stefnt að því að þeirri yfirreið ljúki í janúar 2023. Á námskeiðunum var kærleiksþjónustan kynnt, haldin vinnustofa þar sem umfjöllunarefnið var *Kirkjan að loknum samkomutakmörkunum* o.fl.
- **Skírnarskógurinn** Fræðslusvið og Skálholtsútgáfan hafa unnið í sameiningu verkefnið *Skírnarskógur* og um leið unnið að nýrri skírnabók fyrir foreldra sem heitir *Undir birkitré – Skírnarabók barnsins*. Hugmyndin að Skírnarskóginum var fullunnin og hefur tekið nokkrum breytingum. Skógræktin hefur gefið kirkjunni birki frá úr landssöfnun birki frá. Verkefnið er því hluti af evrópsku samstarfi sem snýr að endurheimt gróðurlendis og er forseti Íslands verndari þess.
- **Saman hópurinn** Fræðslusvið fundar reglulega með *Saman* hópnum en þar eru fulltrúar frá lögreglunni, Landlæknisembættinu, félagsmiðstöðvum o.fl.


Ásamt framangreindum verkefnum eru ýmis verkefni í vinnslu á fræðslusviði sem skemmtilegt verður að kynna þegar nær dregur.

Kærleikþjónustusvið

Starfsmaður á kærleikþjónustusviði tekur þátt í fjölbreyttum verkefnum. Má þar til dæmis nefna setu í nefndum og ráðum, t.d. EAPN, samráðsnefnd kristinna trúfélaga og umhverfisnefnd Þjóðkirkjunnar, verkefni tengd Skálholtsráðstefnum auk þess sem hann tekur þátt í Artic Circle. Samskipti Þjóðkirkjunnar við erlend kirkjusamtök heyra einnig undir kærleikþjónustusviðið en þar má nefna Lutheran World Federation (LWF), World Council of Churches (WCC), Eurodiaconia og norræn samstarfsverkefni. Starfsmaður sviðsins sinnir þjónustu og samskiptum við starfandi djákna og skipuleggur og heldur utan um ýmsa atburði á borði við aðventustund með syrgjendum.


- **Skjólíð, dagsetur**

Heimsóknir í Skjólíð á árinu, frá 1. janúar til 30. september 2022 eru 1180, af þeim voru 28 konur að koma í fyrsta skipti í Skjólíð. Heimsóknum hefur fjölgað jafnt og þétt það sem af er ári. Fyrstu fjóra mánuði ársins voru að meðaltali fimm konur í Skjólínu á hverjum degi en voru orðnar sjö að meðaltali yfir sumarið. Október virðist ætla að slá öll met með 7-13 konur í húsi á hverjum degi. Ef allt tímabilið er tekið voru að meðaltali sex konur í húsi á hverjum degi í Skjólínu.



Í Skjólinu er boðið upp á heita máltíð í hádeginu, hreinlætisaðstöðu, aðgang að þvottavél, þurrkara og hvíldarherbergi. Það eru alls 2,6 stöðugildi starfsmanna og hefur þurft að fá inn afleysingu svo að starfsmenn geti tekið út sumarfrí. Djákninn sem starfar á kærleiksþjónustusviði auk annars djákna í Reykjarvíkurprófastsdæmi vestra hafa verið með reglulega viðveru og veitt viðtöl þegar eftir því er leitað auk þess að sjá um minningarstundir við andlát.

Konurnar sem dvelja í Skjólinu eru á aldrinum 18-70 ára.



Þá eru 70% kvennanna með lögheimili í Reykjavík, 12% í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og aðrar annað hvort á landsbyggðinni, ótilgreint eða erlendis.

- **Forvarnarmál**

Þjóðkirkjan hefur átt fulltrúa í *Saman* hópnum og *Náum áttum* hópnum. Báðir hóparnir sinna forvarnarmálum fyrir börn og unglinga á landsvísu ásamt lögreglunni, hinu opinbera, landlækni og félagasamtökum.

- **Heimsþing WCC**

Heimsþing Alkirkjuráðs, samkirkjulegs vettvangs kristinna kirkjudeilda, var haldið 31. ágúst til 8. september 2022. Þingið sem er haldið á átta ára fresti var haldið í Karlsruhe í Þýskalandi. Einkunnarorð þingsins voru „Kærleikur Guðs er krafturinn til sátta og einingar“.

Biskup Íslands frú Agnes M. Sigurðardóttir var fulltrúi Þjóðkirkjunnar á þinginu svo og formaður samkirkjunefndar Þjóðkirkjunnar, sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir.

Þingið var haldið í ljósi breyttrar heimsmyndar þar sem fólk þjáist af kvíða og glímur við erfiðar spurningar um heimsbyggðina fyrir komandi kynslóðir. Staða heims mála litaði þingið og þá sérstaklega stríðið í Úkraínu. Önnur málefni sem voru til umræðu voru heimsfaraldurinn og afleiðingar hans, loftlagsbreytingar svo og aukið kynþáttahatur, kynjamisrétti og annað óréttlæti sem fyrirfinnst í samfélögum okkar.

- ***Starfsþjálfun guðfræðinema***

Starfsþjálfun presta- og djáknanema heyrir undir kærleiksþjónustusvið. Nemendur fara í gegnum viðtöl, persónuleikapróf og 160 klst. starfsþjálfun í söfnuðum og stofnunum. Tvö djáknaefni luku starfsþjálfun vorið 2022.

Upplýsingatæknisvið

Fjöldmörg verkefni hafa verið unnin á upplýsingatæknisviði á starfsárinu. Ber þar helst að nefna eftirfarandi:

- ***Útgáfa nýs sálmabókarvefs***

Upplýsingatæknisvið stýrði verkefninu, sinnti ráðgjöf fyrir sálmabókarnefnd og þróaði hugmyndina í samráði við Veflausnir Advania. Auk hugmyndavinnu þurfti að sinna notendaprófunum, eftirliti o.fl.

- ***Kosningar***

Á vormánuðum fór fram vinna við undirbúning kosninga til kirkjuþings og kosninga til vígslubiskups að Hólum. Kosningavinnan var unnin í samstarfi við kjörnefnd, starfsmenn Advania, presta og formenn sóknarnefnda. Sú vinna fól í sér gerð rafrænnar kjörskrár, umsjón með uppsetningu rafrænna kosninga, hugmyndavinnu o.fl.

- ***Kirkjuþing***

Verkefnastjóri upplýsingatæknimála hefur umsjón með tæknimálum og stjórnun streymis frá kirkjuþingi og veitir ýmsa aðstoð og ráðgjöf fyrir vef kirkjuþings.

- ***Norræni biskupafundurinn***

Á upplýsingatæknisviði fór fram tæknistjórn og aðstoð við framkvæmd fundarins.

- ***Efnisveita.is***

Vefurinn efnisveita.is var uppfærður í samráði við fræðslusvið. Vefhönnun og uppsetningu var breytt auk þess sem hefðbundnu viðhaldi var sinnt.

- *Kirkjan.is og þjónustuvefur*

Eins og ávallt var unnið við hefðbundnar uppfærslur og endurbætur á vefnum kirkjan.is sem og þjónustuvefnum. Ennfremur var unnið að nýjum lausnum fyrir vefina, s.s. mót-tökusíðu fyrir umsóknir í sjóði kirkjunnar breytt og endurbætt.

- *Tengiliður sókna*

Sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs er tengiliður sóknarnefnda á biskupsstofu og hefur einnig veitt sóknarnefndum og starfsmönnum sóknarnefnda ráðgjöf og aðstoð við ýmis málefni tengt sóknarnefndum.

- *Samstarf við Þjóðskrá Íslands*

Á árinu var vinnu við greiningu sóknarmarka lokið. Upplýsingum um sóknarmörk var safnað svo verkefnisstjóri kirkjugarðaráðs gæti teiknað landfræðilegt þekjukort með sóknarmörkum allra sókna. Þjóðskrá Íslands hefur unnið að breytingum á sínum gögnum og fært þau yfir í þekjukortið en það var tekið í notkun í lok ársins 2021. Nýja sóknarþekjukortið er lagt yfir þekjukort Þjóðskrár og með því má sjá fjölda sóknarbarna í hverri sókn. Þegar sóknarbörn flytja milli sókna uppfærast sóknarskráning þeirra raf-rænt en áður var uppfærslan handvirk. Vinnan sem fór í það að koma sóknarkortinu af stað hefur því skilað sér í því að árið 2022 eru tölur um fjölda sóknarbarna mun nákvæmari en áður var.

Komin eru upp drög af nýjum þjónustusamningi Þjóðskrár við Þjóðkirkjuna, sem snýr að afhendingu félagatals Þjóðkirkjunnar.

- *Almenn mál*

Á sviði upplýsingatækni er jafnframt unnið að margvíslegum almennum málum á sviði upplýsingatækni. Má þar helst nefna notendaumsjón, ráðgjöf, eftirlit með upplýsingatækniumhverfi kirkjunnar, áætlanagerð, innkaup og kostnaðareftirlit. Sinnt er ráðgjöf og aðstoð til starfsfólks Þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar, presta og prófaste um margvís- leg málefni og verkefni sem tengjast sviðinu.

Skjalasvið

Skjalastjóri hefur umsjón með skjalakerfi Þjónustumiðstöðvarinnar. Það felur í sér mót-töku og skráningu erinda og annarra skjala, upplýsingagjöf, notendaaðstoð, aðgangsstýr- ingu og fræðslu um kerfið. Kerfið sem stuðst er við er á vegum CoreData og var gefið heitið Örkin. Á skjalasviði er tekið á móti innsendum erindum og þeim komið í farveg. Þar er einnig veitt tilfallandi ráðgjöf, t.d. varðandi skilaskyldu sókna til Þjóðskjalasafns.

Málsmeðferð þ.e. skráning, vistun og dreifing skjala, er að mestu leyti orðin rafræn. Þar sem ekki hefur verið sótt um heimild til rafrænna skila til Þjóðskjalasafns er þó enn skylda til að varðveita skjöl á pappír. Áður en að slíkum skilum getur orðið þarf að útbúa sérstaka vörsluútgáfu skjalanna til afhendingar. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskjalasafni eru um það bil 490 afhendingaskyldir aðilar en safnið hefur eingöngu tekið við 62 vörsluútgáfum.

- ***Skjalavarsla og skjalastjórn prestakalla***

Á sviði skjalastjórnunar hefur verið unnið í átaki í rafrænni skjalavörslu prestakalla. Ljóst er að auka þarf leiðbeiningar til presta um hvernig megi betur standa að skjalavörslu og skjalastjórn. Þjóðskjalasafn Íslands birti niðurstöður þess efnis haustið 2021.

Á presta- og djáknastefnu í apríl 2022 héldu starfsmenn Þjóðskjalasafns kynningu á skjalahaldi og skilaskyldu presta til Þjóðskjalasafns. Unnið er að útgáfu leiðbeininga en vonir standa til að þær komi út á þessu ári.

- ***Bókasafn***

Bókasafn skjalasviðsins er sérfræðisafn á sviði guðfræði og kirkjulegs starfs, eina sinnar tegundar hér á landi. Eðli málsins samkvæmt er mikið af fræðsluefni orðið aðgengilegt rafrænt, en bækur eru áfram keyptar til safnsins þó að í minna mæli sé. Bókasafninu berast einnig reglulega bókagjafir sem kalla á flokkun og skráningu.

Allur almenningur hefur aðgang að safnkosti bókasafnsins þar sem safnið er með áskrift að bókasafnskerfinu Gegni. Flestar bækur safnsins hafa verið skráðar í kerfið.

Hluti safnkosts eru ljósmyndir, bæði stafrænar og á pappír. Unnið hefur verið að því síðustu ár að vista/skanna myndirnar og skrá upplýsingar um þær. Í ljósmyndakerfinu Fotoware eru nú vistaðar rúmlega 13.500 myndir. Enn á eftir að skanna og vista töluvert af ljósmyndum. Mikilvægur þáttur í skráningu ljósmynda er nöfn einstaklinga, viðburða og staða. Haldnir hafa verið fundir með prestum og öðrum utanaðkomandi í þeim tilgangi að greina ljósmyndir fyrir skjalasafnið.

- ***Sýning Sigrúnar Jónsdóttur kirkjulistakonu***

Á árinu stóð sviðsstjóri skjalasviðs í samstarfi við sóknarprest Seltjarnarneskirkju að sýningu á verkum Sigrúnar Jónsdóttur, kirkjulistakonu. Auk Gígju Árnadóttur, skjalastjóra og séra Bjarna Þórs Bjarnasonar, sóknarprests Seltjarnarneskirkju komu þau Ragnhildur Benediksdóttir, lögfræðingur og séra Hreinn S. Hákonarson, fyrrum sérþjónustuprestur á biskupsstofu að sýningunni.

Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta kirkjunnar

- *Viðtöl*

Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta kirkjunnar hefur að jafnaði verið með 60-70 viðtöl á viku á árinu. Viðtölin deilast á einn prest og tvo fjölskylduráðgjafa. Meðalfjöldi einstaklinga í hverju viðtali eru tveir einstaklingar og hafa því að meðaltali 150 einstaklingar notið þjónustunnar í viku hverri.

- *Handleiðsla*

Fjölskyldu- og sálgæsluþjónusta hefur lagt áherslu á að efla handleiðslu og átt frumkvæði að því að bjóða einstaklingum í handleiðsluhópa til að hjálpa til við að skapa handleiðslu-hefð. Eftirspurnin er nú góð en í dag er fimmti handleiðsluhópur presta og djákna starfandi á einu og hálfu ári.

- *Aðstaða*

Húsnæði Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar býr yfir góðu rými. Á árinu hefur húsnæðið m.a. verið nýtt af fangapresti fyrir tilraunaverkefni sem snýst um þjónustu við fanga og fjölskyldur þeirra. Tilraunaverkefni þetta fékk styrk frá ríkisstjórninni til eins árs.

Þar hafa prestar jafnframt fengið að taka viðtöl við skjólstaðinga þegar þannig hefur staðið á.

Vöxtur þjónustu Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar mun byggja á vilja þar sem eftirspurn eftir þjónustunni er til staðar.

Söngmálastjóri

Embætti söngmálastjóra sem stofnað var árið 1941 hefur alla tíð verið ráðgefandi starf á vettvangi kirkjutónlistarinnar. Söngmálastjóri heyrir beint undir biskup Íslands og annast ráðgjöf og ýmsa aðstoð fyrir biskupsembættið, organista og kóra, presta og sóknarnefndir, guðfræðideild og stúdenta í starfsþjálfun. Norrænt og evrópskt samstarf á sviði kirkjutónlistar og lítúrgíu er einnig meðal verkefna, símenntun og námskeið fyrir organista og presta, útgáfa nótna, þátttaka í sálmabókarnefnd og kynning nýrra sálma úti í söfnuðum. Helstu verkefni ársins 2022 hafa verið eftirfarandi:

- Ráðgjöf við sóknarnefndir vegna ráðningar organista.
- Vikuleg aðstoð við sálmaval og útvegum organista í messur guðfræðinema í kapellu háskólans.
- Val og skipulagning á tónlist í helgistund biskups í Hvalneskirkju á föstudaginn langa

- Öll umsjón með upptökum á sex útvarpsmessum frá söfnuðum á Austurlandi í apríl. Útvarpsmessur eru flestar teknar upp fyrirfram og ber söngmálastjóri aðalábyrgð á skipulagningu þeirra á ársgrundvelli.
- Dagur kirkjutónlistar var haldinn í apríl þar sem meginviðfangsefnið var þáttur tónlistar í safnaðarstarfi og veitt árleg heiðursviðurkenning fyrir störf að kirkjutónlist.
- Í símenntun var boðið upp á einstaklingsnám í raddbeitingu, orgelleik og hljómaleik fyrir organista og presta og stunduðu 28 manns nám í þessum greinum.
- Árleg Organistastefna var haldin í lok ágúst í Skálholti með um 40 þátttakendum og henni lauk með opinni söngstund í Langholtskirkju þar sem 210 kórsöngvarar sungu kirkjulega tónlist eftir enska tónskáldið John Rutter og undir hans stjórn. Þetta var einstök stund og mikil sönggleði þátttakenda eftir alla þögnina á covid-tímanum.
- Ný sálmabók var send í prentun 2. ágúst sl. og er nú komin til landsins. Söngmálastjóri vann að ýmsum störfum nefndarinnar, m.a. útvegun leyfis fyrir höfundarverk í vernd, skipulagningu og nú að kynningu bókarinnar, bæði úti í söfnuðum. Þá vinnur söngmálastjóri að því stóra lokaverkefni að syngja „Sálmabókarmaræðon“ í maí 2023 í samvinnu við RÚV.

IV. Mál lögð fram af biskupi á kirkjuþingi 2022-2023.

Biskup Íslands leggur fram sjö mál á kirkjuþingi 2022-2023.

Þau eru eftirfarandi:

1. mál. *Skýrsla biskups.*

Á grundvelli 5. gr. starfsreglna um Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar, nr. 56/2021-2022, leggur biskup Íslands fram skýrslu biskups.

5. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum. (Húsavíkur-, Grenjaðarstaðar- og Skútustaðaprestakall, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi)*

6. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum. (Glaumbæjar-, Hofsóss og Hóla, Miklabæjar- og Sauðárkróksprestakall sameinist í eitt nýtt prestakall, Skagafjarðarprestakall)*

7. mál. *Tillaga til þingsályktunar um breytingu á Vímuvarnarstefnu þjóðkirkjunnar.*

Tillagan felur í sér aðlögun Vímuvarnarstefnunnar við núverandi starfsumhverfi starfsmanna.

10. mál. Tillaga til þingsályktunar um Fræðslustefnu Þjóðkirkjunnar.

Lögð er fram Fræðslustefna Þjóðkirkjunnar *Frá vöggu til grafar* sem ætluð er fyrir tímabilið 2023-2026.

23. mál. Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

Tillagan felur í sér að a) Breiðabólstaðar- og Hvammstangasóknir í Breiðabólstaðar- og Melstaðarprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi sameinist. Heiti sóknarinnar er Hvammstangasókn. b) Hofs- og Hofsósssóknir í Hofsóss- og Hólaprestakalli, Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi sameinist. Heiti sóknarinnar er Hofsósssókn. c) Odda- og Keldnasóknir í Oddaprestakalli, Suðurprófastsdæmi sameinist. Heiti sóknarinnar er Odda- og Keldnasókn.

42. mál Tillaga til þingsályktunar um að skipa starfshóp til að koma með tillögu að framtíðarhúsnæði fyrir Þjónustumiðstöð Þjóðkirkjunnar

Kirkjuþing unga fólksins

Biskup Íslands boðar til kirkjuþings unga fólksins í samráði við forseta kirkjuþings. Biskupsstofa annast undirbúning kirkjuþings unga fólksins í samvinnu við stjórn Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar sem kýs verkefnisstjóra til að annast framkvæmd þingsins. Um þetta er mælt í 1. og 3. gr. starfsreglna um kirkjuþing unga fólksins nr. 42/2021-2022. Kirkjuþing unga fólksins kemur saman árlega. Hlutverk þess er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Þar eiga sæti fulltrúar prófastsdæma þjóðkirkjunnar og fulltrúar frá KFUM og KFUK, með málfrelsi og tillögu-rétt. Fulltrúarnir skulu vera á aldrinum 14 til 35 ára og skráðir í þjóðkirkjuna. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

Kirkjuþing unga fólksins fór fram 13.-14. maí 2022. Á þinginu komu saman 16 fulltrúar frá fimm prófastsdæmum sem ræddu málefni og framtíð kirkjunnar en fyrir þinginu lágu sex mál, en eitt þeirra var dregið.

Ályktun kirkjuþings unga fólksins um stöðu flóttafólks í heiminum og aðgerðir Íslands Kirkjuþing unga fólksins fagnar því að Íslensk stjórnvöld taki á móti flóttamönnum en vill jafnframt hvetja stjórnvöld til þess að gera meira í þeim efnum og taka á móti fleiri fjölskyldum og einstaklingum.

Ályktun kirkjuþings unga fólksins vegna gjafa kirkjunnar til fermingarbarna

Kirkjuþing unga fólksins fagnar því að Þjóðkirkjan vilji auglýsa starfið sitt með framandi hætti, eins og með gjöfum til fermingarbarna. Það verður þó að vera í takt við samfélagið og þá samfélagsþróun sem á sér stað. Kirkjuþing unga fólksins leggur til að rýnihópur veðri stofnaður þegar velja á næstu gjöf til fermingarbarna.

Ályktun kirkjuþings unga fólksins um nútímavæðingu sunnudagaskólaefnis

Sunnudagaskólinn hefur lengi haldist eins og nú er tímabært að uppfæra hann í von um að auka aðsókn og gera starfið skemmtilegra fyrir börnin, foreldrana og starfsfólkið. Kirkjuþing unga fólksins leggur til að farið verði í efnisgerð sem miðar að því að nútímavæða sunnudagaskólaefnið og með því gera fræðsluefnið og umgjörð starfsins fjölbreyttara, gagnvirkara og aðgengilegra.

Ályktun kirkjuþings unga fólksins um nýliðun í sóknarnefndum

Kirkjuþing unga fólksins hvetur sóknarnefndir til að auglýsa starf sitt og hlutverk og vera opin fyrir nýju fólki.

Berglind Hönnudóttir úr Austurlandsprófastsdæmi var kjörin forseti þingsins og jafnframt áheyrnarfulltrúi á kirkjuþingi. Varaforsetar og varafulltrúar voru kjörin Sóley Adda Egilsdóttir og Ásmundur Máni Þorsteinsson.

V. Lokaorð.

Skýrslur kirkjulegra stofnana og nefnda birtast í Árbók kirkjunnar sem nær öllu jöfnu yfir tímabilið frá 1. júní til 31. maí. Árbókin er gefin út á rafrænu formi, nema tölulegar upplýsingar um prófastsdæmi, prestaköll og sóknir.

Reykjavík í október 2022

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands